

Sp.

75. Tillaga til þingsályktunar

[67. mál]

um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Flm.: Lúðvik Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort unnt sé og hvað kosta mundi að opna á tveimur næstu árum akvegasamband milli Fljótshverfis í Vestur-Skaftafellssýslu og Suðursveitar í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Athugun þessi skal vera við það miðuð, að gerðar verði varanlegar brýr á þau fallvötn þessarar leiðar, sem enn eru óbrúuð, en ef slíkar brýr á Núpsvötn, Skeiðará og aðrar vatnakvíslar á Skeiðarársandi teljast bundnar miklum tæknilegum annmörkum eða vera sérlega kostnaðarsamar, má við það miða, að á þær ár verði byggðar trébrýr af tiltölulega ódýrri gerð, sem þá gæti þurft að endurbyggja eftir meiri háttar jökulhlaup.

Niðurstöður athugunar þessarar skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er á.

G r e i n a r g e r ð.

Samhljóða tillögu þessari flutti ég á síðasta þingi. Á næsta þingi áður höfðum við Karl Guðjónsson flutt sams konar tillögu, og fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Í vegalögum er gert ráð fyrir því, að Suðurlandsvegur nái frá Reykjavík til Lónsheiðar í Austur-Skaftafellssýslu. En svo sem kunnugt er, hefur þessi vegur enn ekki verið fullgerður. Eins og málum er nú komið, má segja, að um 120 km kafli þessarar leiðar sé ýmist í ófullnægjandi eða engum tengslum við það heildarþjóðvegakerfi landsins, sem Suðurlandsvegur ýmist er eða á að verða hluti af. Þetta er kaflinn frá Núpsvötnum við Lómagnúp til Steinavatna í Suðursveit.

Með því að ákveðið er, að Steinavötnin verði brúuð á þessu ári, má þó telja, að eftir næsta sumar stýttist hinn sambandslausí kafli nefndrar leiðar í tæpa 100 km, því að þá muni samfelldur akvegur austan frá ná að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Ekki er heldur talið neinum verulegum vandkvæðum bundið að brúa það vatnsfall, og mun nú ákveðið, að Jökulsárbrú á Breiðamerkursandi verði byggð fyrir fé úr brúasjóði rétt á næstunni. Í Örafum og Suðursveit eru enn nokkrar minni ár óbrúaðar, en sem óleyst vandamál má ætla að ekki standi annað eftir af leið þessari að tveimur árum liðnum en spölurinn milli Lómagnúps og Örafá, eða svo sem 30 km vegalengd, þótt ekki yrðu gerðar neinar sérstakar ráðstafanir

til að flýta samgönguframkvæmdum á þessum slóðum umfram það, sem venjulegt er.

En þótt spölurinn úr Fljótshverfinu í Öraefin sé ekki langur, er hann þó ærið erfiður til vegagerðar. Þar er um að ræða Skeiðarársandssvæðið, með Núpsvötnum. Skeiðará og ýmsum fleiri vatnakvíslum. Þótt jafnaðarlega séu þetta engin ógnar vatnsföll, er hitt þó alkunna, að einmitt þarna verða öðru hverju mikil jökulhlaup. Það hefur því til þessa verið talið óvinnandi verk að brúa þetta vatnasvæði, svo að von væri til, að sú mannvirkjagerð gæti staðið af sér jökulhlaupin.

Nú hafa jöklar landsins minnkað á hinum síðustu árum, svo að nokkur ástæða er til að ætla, að jökulhlaup á þessum slóðum séu ekki orðin eins tröllaukin og þau áður voru, og eins mun nú orðið líða lengri tími milli þeirra. Það er því af þessum sökum eðlilegt, að sérfræðileg athugun sé látin fram fara á því, hvort nú muni ekki kleift að brúa vatnsföll þessa svæðis, þannig að varanlegt sé.

En jafnvel þótt til þess teldust ekki möguleikar með viðráðanlegum kostnaði, þá er hér um að ræða svo mikilvægan þátt í samgöngukerfi landsins, sem sé opnun hringleiðar um landið, að vel hlýtur að koma til mála að brúa Núpsvötn, Skeiðará og aðrar vatnakvíslar þessa svæðis með tiltölulega ódýrum staurabrum, sem þá yrði máske að endurbyggja eftir meiri háttar jökulhlaup að einhverju eða öllu leyti.

Ávinningurinn við það að gera Suðurlandsveg allan akfæran er svo mikill og margvíslegur, að engin ástæða er til að skera fjárveitingar til hans við nögl.

Má þar fyrst til nefna, að með opnun Suðurlandsleiðarinnar mundi heill landsfjórðungur, Austurland, komast í stöðugt vegasamband við Suðurlandsbyggðirnar og Reykjavík, en núverandi vegasamband Austurlands við aðrar byggðir getur vart talizt nothæft nema helming ársins. Akvegasamband allra syðri byggða Austfirðingafjórðungs við Reykjavík mundi og styttest til mikilla muna. Frá Höfn í Hornafirði mundi leiðin til Reykjavíkur t. d. styttest nærfellt um helming, eða úr 980 km í 500 km.

Næst mætti nefna það til, að ýmsar þær sveitir og byggðir, sem að þessari leið liggja og nú eru næsta afskekktar, mundu komast í þjóðbraut, en það sannar öll reynsla, að fátt er jafnlíklegt til að færa líf og blóma í byggðarlag og slík umskipti.

Þá er það ekki að efa, að sú leið, sem þarna opnaðist, yrði einkar vinsæl og fjölfarin hæði af innlendum og erlendum ferðamönnum.

Með tilliti til alls þess, sem hér hefur nefnt verið, og raunar af enn fleiri ástæðum verður að teljast fullkomlega tímabært, að sú athugun, sem tillaga þessi ráðgerir, verði látin fara fram á sumri komanda og í framhaldi af því verði gerðar ráðstafanir til þess að opna hringleiðina um Ísland á næstu tveimur árum, ef rannsóknir leiða í ljós, að möguleikar séu til þess.